

Svar

félags- og vinnumarkaðsráðherra við fyrirspurn frá Birgi Þórarinssyni um örorku- og ellilífeyri.

1. *Hversu margir einstaklingar þáðu örorkulífeyri eða endurhæfingarlífeyri hjá Tryggingastofnun í janúar 2022 og janúar 2024? Svar óskast sundurliðað eftir því hvort þeir þáðu lífeyri eða fengu engan lífeyri greiddan? Þá óskast svarið sundurliðað eftir upprunalandi lífeyrisþega.*

24.259 einstaklingar voru með örorku- eða endurhæfingarlífeyrisrétt í janúar 2024. Þar af voru 23.922 einstaklingar sem fengu lífeyri greiddan. 23.567 einstaklingar voru með örorku- eða endurhæfingarlífeyri í janúar 2022. Þar af voru 23.227 einstaklingar sem fengu lífeyri greiddan. Þetta má sjá á eftirfarandi töflu:

Dags.	Með örorku- eða endurhæfingarlífeyrisréttindi hjá TR	Þar af >0 kr.	Þar af =0 kr.
jan. 24	24.259	23.922	337
jan. 22	23.567	23.227	340

Sundurliðun eftir upprunalandi kemur fram í fylgiskjali 1.

2. *Hver voru útgjöld Tryggingastofnunar í janúar 2022 og janúar 2024 vegna útgreiðslu örorkulífeyris eða endurhæfingarlífeyris? Hvert var annars vegar meðaltal og hins vegar miðgildi útgjalda Tryggingastofnunar vegna útgreiðslu örorkulífeyris eða endurhæfingarlífeyris í janúar 2022 og janúar 2024, sundurliðað eftir upprunalandi lífeyrisþega?*

Útgjöld vegna útgreiðslu örorku- og endurhæfingarlífeyris í janúar 2024 voru samtals 7.736.516.319 kr. Meðaltal var 318.913 kr. og miðgildi 343.006 kr. Í janúar 2022 voru útgjöldin 6.173.094.828 kr. Meðaltalið var 261.938 kr. og miðgildið 280.058 kr. Þetta má sjá á eftirfarandi töflu:

Dags.	Samtals upphæð örorku- og endurhæfingarlífeyris hjá TR	Meðalupphæð	Miðgildi
jan. 24	7.736.516.319	318.913	343.006
jan. 22	6.173.094.828	261.938	280.058

Sundurliðun eftir upprunalandi kemur fram í fylgiskjali 1.

3. Hver voru útgjöld Tryggingastofnunar í janúar 2022 og janúar 2024 vegna útgreiðslu ellilífeyris? Hvert var meðaltal og miðgildi útgjalda Tryggingastofnunar vegna útgreiðslu ellilífeyris í janúar 2022 og janúar 2024, sundurliðað eftir upprunalandi lífeyrisþega? Hver var annars vegar fjöldi einstaklinga sem þáði ellilífeyri frá Tryggingastofnun í janúar 2022 og janúar 2024 og hins vegar fjöldi þeirra sem fengu engan ellilífeyri frá Tryggingastofnun sömu mánuði, sundurliðað eftir upprunalandi lífeyrisþega?

Útgjöld vegna ellilífeyris í janúar 2024 voru 9.326.565.080 kr. Meðalfjárhæð var 200.498 kr. og miðgildi 220.748 kr. Útgjöld í janúar 2022 voru 7.533.514.608 kr. Meðalfjárhæð var 171.888 kr. og miðgildi 192.004 kr. Þetta má sjá á eftirfarandi töflu:

Dags.	Samtals upphæð ellilífeyrir hjá TR	Meðalupphæð	Miðgildi
jan. 24	9.326.565.080	200.498	220.748
jan. 22	7.533.514.608	171.888	192.004

46.517 einstaklingar voru með ellilífeyrisrétt í janúar 2024. Þar af fengu 41.400 einstaklingar greiddan ellilífeyri frá Tryggingastofnun. 43.828 einstaklingar voru með ellilífeyrisrétt í janúar 2022. Þar af voru 39.352 sem fengu greiddan lífeyri frá Tryggingastofnun. Þetta má sjá á eftirfarandi töflu:

Dags.	Með ellilífeyrisréttindi hjá TR	Þar af >0 kr.	Þar af =0 kr.
jan. 24	46.517	41.400	5.117
jan. 22	43.828	39.352	4.476

Sundurliðun fjárhæða og fjölda eftir upprunalandi kemur fram í fylgiskjali 2.

Í framangreindum fylgiskjölum koma einnig fram sundurliðaðar upplýsingar um mannfjölda til samanburðar.

Fylgiskjal 1.

www.althingi.is/alttext/pdf/154/fylgiskjol/s1887-f_I.pdf

Fylgiskjal 2.

www.althingi.is/alttext/pdf/154/fylgiskjol/s1887-f_II.pdf